

tankesmedjan

TIDEN

**LAUNÞEGAHRÉYFINGIN OG
FRAMTÍÐ NORRÆNA LÍKANSINS
— SKIPULAG OG NÝLIÐUN**

SAMENTEKT

MATS WINGBORG

Launþegahreyfingin og framtíð norræna líkansins –
skipulag og nýliðun

Launþegahreyfingin og framtíð norræna líkansins
–skipulag og nýliðun

Mats Wingborg

Þessi skýrsla er hluti af umfangsmeiri umfjöllun um norræna velferðarlíkanið. Verkefnið er unnið að frumkvæði Samak, samstarfsnefndar launþegahreyfinga, sem samanstendur af verkamannaflokkum á Norðurlöndunum og alþýðusamböndum. Auk þessarar skýrslu sem fjallar um pólitískt regluverk og helstu áskoranir sem norræn velferð stendur frammi fyrir, hefur innan verkefnisins verið unnin skýrsla um uppbyggingu launþegahreyfinga og enn fremur lokaskýrsla um framtíð hins norræna velferðarlíkans.

www.tankesmedjantiden.se
info@tankesmedjantiden.se

© Mats Wingborg and Tankesmedjan Tiden,
Stockholm 2017
Cover: Arena Opinion
Typeset: Tenenbaum text

Um skýrsluna:

Hlutfall aðildar að stéttarfélögum er hærra á Norðurlöndunum en annars staðar. Belgía er eina Evrópulandið, utan Norðurlandanna, þar sem meira en helmingur launþega er í stéttarfélagi. En hlutfallið hefur einnig lækkað á Norðurlöndunum. Þessi skýrsla fjallar einkum um það hvernig hægt sé að viðhalda aðildarhlutfallinu og helst auka það. Í skýrslunni eru tillögur að því hvernig viðhalda megi og auka styrk verkalýðshreyfingarinnar og þannig styðja við norræna líkanið.

Höfundur: Mats Wingborg

Hér má sækja skýrsluna í heild: www.tankesmedjantiden.se

Samantekt

Hlutfall þeirra launþega sem skráðir eru í stéttarfélög á Norðurlöndum þarf að aukast. Einkum er brýnt að fjölga skráningum í þeim geirum launþegahreyfingarinnar sem nánust tengsl hafa við verkamannasamböndin, þótt almenn fjölgun sé líka eftirsóknarverð. Hátt hlutfall þeirra sem skráðir eru í stéttarfélög styrkir norræna vinnumarkaðslíkanið en er líka afleiðing af þessu líkani. Orsakasambandið getur með öðrum orðum verið í báðar áttir. Í þessu felst jafnframt að fækkun skráðra félaga myndi grafa undan norræna líkaninu en væri á sama tíma til marks um að það væri að veikjast. Hátt aðildarhlutfall og sterk verkalýðshreyfing eru með öðrum orðum ekki einasta hagsmunamál launþega á Norðurlöndum, heldur norrænu samfélaganna yfirleitt.

Hærra aðildarhlutfall þýðir að launþegum sem skráðir eru í stéttarfélög fjölgar. Það er nauðsynleg en ekki nægjanleg forsenda fyrir öflugri launþegahreyfingu. Meðal annarra mikilvægra þátta má nefna gerð allsherjar kjarasamninga, möguleika á þátttöku í starfi stéttarfélaga og samstarf á milli stéttarfélag og annarra samtaka launafólks. Í þessu sambandi þarf bæði að leggja áherslu á skráningu nýrra meðlima og viðleitni til að halda í þá sem þegar eru skráðir en þetta þarf að skoða í stærra samhengi. Líta má á nýliðun sem leið til að viðhalda og auka afl launþegahreyfingarinnar og styrkja þannig hið norræna vinnumarkaðslíkan.

Nýjar og gamlar áskoranir

Vitundarvakning um stöðuna Dregið hefur úr hlutfallslegri aðild að stéttarfélögum á Norðurlöndunum, að Íslandi undanskildu.

Einkum hefur fækkunin verið mikil í landssamtökum (LO-samtökum, nefnd SAK-samtök í Finnlandi). Annars staðar í Evrópu hefur samdrátturinn verið enn meiri. Aðild að stéttarfélögum er í hættu. Jafnvel samtök þar sem fjöldi meðlima eykst eða stendur í stað þurfa að gera sér grein fyrir þeirri tilhneigingu sem á sér stað í heiminum. Viðurkenna þarf alvarleika stöðunnar.

Hátt hlutfall aðildar að stéttarfélögum – hluti af sameiginlegri stefnu.

Vinna við að auka hlutfall aðildar þarf að felast í sameiginlegri stefnu þar sem aðrir þættir eru einnig miðlægir, s.s. að halda uppi gildi kjarasamninga, efla menntun á vegum stéttarfélaganna og styrkja stöðu launþega.

Notum gildi verkalýðshreyfingarinnar, ávinning af aðild og fagvitund til að fjölga félögum.

Geta stéttarfélaganna til að afla sér nýrra félaga er háð þremur þáttum: stuðningi við gildi verkalýðshreyfingarinnar, að aðildin feli í sér fjárhagslegan ávinning fyrir launþegann og að stéttarfélagið efla fagvitundina. Þessir þættir veða misþungt innan ólíkra greina og stéttarfélaganna.

Meiri kraftur og aukin áhersla á vinnu við félagsaðild.

Stéttarfélögin þurfa að leggja meiri áherslu á félagsaðild og mikilvægt er að leiðtogar færi rök fyrir því hvers vegna slíkar breytingar eru nauðsynlegar. Skipuleggjendur þurfa stuðning og leið- sögn bæði í gegnum menntun og þjálfun. Virkja þarf umboðsmenn í breytingunum og samræma við trúnaðarmenn á hverjum stað. Stjórnir stéttarféлага þurfa að koma því skýrt á framfæri að vinna við að afla féлага hafi mikinn forgang.

Fagmennska í herferðum til að afla féлага.

Leggja þarf mat á herferðir og aðferðir.

Með þeim hætti er hægt að fínþússa aðferðirnar og gera þær árangursríkari. Halda þarf fleiri fundi með forystumönnum stéttarféлага og hugsanlegum félagsmönnum. Félagasöfnun ber mestan árangur þegar hún fer fram augliti til auglitis.

Árangursríkum stéttarfélögum með hátt aðildarhlutfall ber skylda til að styðja við stéttarfélög sem eru í verri stöðu.

Þörf er á auknu samstarfi á milli stéttarfélaganna, bæði innanlands og á milli Norðurlandanna, með tilliti til þess hvernig vinna skuli að félagasöfnun.

Það er jafnmikilvægt að halda í féлага eins og að afla nýrra.

Auðveldara er fyrir stéttarfélög að halda í féлага sína ef þau eru með stefnu til langs tíma, skýr markmið, forystu á öllum stigum og ef góð yfirsýn er yfir stjórn þeirra og stjórnsýsla og verklag er einfaldað.

Vinna stéttarféлага til að draga úr óöryggi á vinnumarkaði.

Hlutfall stéttarfélagasáðildar er lægra meðal launþega í óöruggum og tilfallandi störfum, t.a.m. þar sem um tímabundna ráðningu eða ráðningu í gegnum starfsmannaleigu er að ræða. Það er því stéttarfélagunum í hag að stemma stigu við fjölgun tímabundinna og óöruggra starfa.

Lægri og jafnari gjöld í atvinnuþryggingasjóð (a-kassa).

Í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi hafa tengslin á milli atvinnuþryggingasjóðs og aðildar að stéttarfélagi minnkað en það hefur haft neikvæð áhrif á hlutfall aðildar að stéttarfélögum. Mikilvægt er að vinna að opinberum niðurgreiðslum atvinnuþryggingakerfisins og niðurgreiðslum sem stuðla að jöfnun gjalda á milli ólíkra greina (til þess að gjöld í greinum þar sem meira atvinnuleysi er verði ekki mun hærri).

Stéttarfélagsgjöld frádráttarbær.

Til þess að bæta skilyrði stéttarféлага þarf lagabreytingu sem felur í sér ítarlegri frádráttarrétt á stéttarfélagsgjöldum. Norræna verkalýðshreyfingin ætti að vinna að slíkum breytingum.

Aukið norrænt samstarf stéttarféлага við félagasöfnun.

Í auknum mæli þarf að skiptast á hugmyndum og tillögum um hvernig fjölga megi félögum og hvernig mismunandi aðferðir hafa gefist hjá öðrum stéttarfélögum. Ekki síst þarf aukið samstarf á milli Norðurlandanna á þessu sviði. Innan hvers lands þarf einnig nánara samstarf varðandi hugmyndir og leiðir að þessu markmiði.

Dæmi um aðgerðir af hálfu norrænu launþegahreyfingarinnar

1. **Markvisst starf meðal ungmenna.** Fellesforbundet í Noregi hefur byggt upp margvíslegt ungmennastarf og hringir nú kerfisbundið í þá sem haft hafa lærlingsaðild en eru nú komnir út á vinnumarkaðinn. Sambandið hefur sértakan ungmennafulltrúa í öllum umdæmum sem skipuleggur viðburði í skólum og samstarf nemenda í skólum, lærlinga og ungra launþega.
2. **Fjölgun meðlima þar sem allsherjarsamningar eru fyrir hendi og gera út „safnara“.** Stéttarfélagið Handel og Kontor í Noregi hefur þróað nýja aðferð við öflun nýrra félaga. Hún felst meðal annars í því að safna meðlimum á vinnustöðum þar sem kjarasamningar eru fyrir hendi og gera út fólk til að afla nýrra meðlima. Í því skyni að safna meðlimum við stórar verslanamiðstöðvar hefur Handel og Kontor unnið með öðrum samböndum og til dæmis opnað með þeim sameiginlegar skrifstofur.
3. **Áætlanagerð, skipulag og mælanlegur árangur.** Iðnaðarman-nasambandið í Finnlandi hefur unnið að þróun á innra starfi sínu og nýliðun. Áætlanagerð, skipulag og mælanlegur eru lykilord í því starfi. Það er grundvallaratriði í þessu sambandi að byggja upp starf á hverjum vinnustað og finna einstaklinga til leiða það starf.

4. **Auglýsingar og markaðssetning á netinu.** Stéttarfélaginu Unionen í Svíþjóð hefur tekist að fjölga félögum sínum mikið og er um þessar mundir fjölmennasta stéttarfélag á Norðurlöndum. Með markvissum hætti hefur félagið beitt auglýsingum og markaðssetningu á netinu til að ná í nýja félaga. Félagið hefur líka lagt áherslu á að gera það einfalt að fá félagsaðild.
5. **Nýliðun sem tengist staðbundnum kröfum stéttarféлага.** Stéttarfélagið 3F í Danmörku vinnur markvisst að fjölgun félaga og tengir þá vinnu við kröfur sem gerðar eru á einstökum vinnustöðum. Um þessar mundir einbeitt félagið sér að því að ná til ræstingarfólks á sjúkrahúsum. Átakið er kallað „Hrein virðing“. 3F lítur ekki á þessa viðleitni til að fjölga félögum sem einngrað fyrirbæri heldur sem hluta af áætlun um að efla styrk stéttarfélagsins úti á vinnustöðunum.
6. **Upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna.** SAK/FFC í Finnlandi (samsvarar LO í Noregi, Svíþjóð og Danmörku) er með sérstakar áætlanir vegna erlends vinnuafis. Þetta starfsfólk hefur fyrst og fremst komið frá Eistlandi og Rússlandi. Áætlunin gengur út á að veita því grundvallarupplýsingar um umsamin réttindi og hefur orðið til þess að fleiri ganga í verkalýðsfélög. Á tímabili ráku samtökin skrifstofu í Tallin í Eistlandi sem fólk sem hugðist leita atvinnu í Finnlandi gat leitað til.
7. **Bætt staða þeirra starfsmanna stéttarfélaganna sem sinna nýliðun og fjölgun félaga.** Handelsantáldas förbund í Svíþjóð hefur komið á fót þróunarráði innan sinna vébanda. Í ráðinu sitja fulltrúar allra deilda. Einn tilgangur þess er að skapa faglega umgjörð um fjölgun og öflun félaga. Nú er til fólk sem er beinlínis ábyrgt fyrir fjölgun félaga. Sambandið fylgist líka kerfisbundið með því hvernig félagafjöldinn þróast í ólíkum landshlutum og hvaða árangri hinar ýmsu aðferðir til fjölgunar félaga skila.

8. **Staðbundinn aðgerðahópur sem heimsækir fámenna vinnustaði.** Stéttarfélagið SEKO í Stokkhólmi hefur komið á fót svokölluðum aðgerðahópi. Hópurinn heimsækir fámenna vinnustaði þar sem fáir eða engir skráðir félagar vinna. Markmiðið er að fá nýja féлага og byggja upp innviði félagsins.
9. **Forysta launþegahreyfingarinnar verður að útskýra og rökstyðja að áhersla skuli lögð á fjölgun félaga.** Stéttarfélagið Kommunal í Svíþjóð hefur komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að leggja aukna vinnu og fjármagn í að fjölga félögum. Að öðrum kosti sé hætta á að því verði einungis sinnt í hjáverkum. Í félagi sem ákveður að leggja aukna áherslu á fjölgun meðlima getur komið upp núningur við féлага sem vanir eru annars konar áherslum. Þess vegna skiptir miklu að forystan útskýri og rökstyðji þá áherslu sem lögð er á að ná fólki í félögin.
10. **Vettvangur á netinu þar sem finna má svör við spurningum um stéttarfélögin.** Finnsla stéttarfélagið JHL (félag fyrir opinbera starfsmenn og fleiri sem sinna velferðarþjónustu) ver nú miklum tíma til að fá fólki til að skrá sig í félagið. Ákveðnum upplýsingum um félagið er komið á framfæri á netinu. Félagið hefur opnað vettvang á netinu þar sem launþegar geta fengið svör við spurningum sem snerta stéttarfélagsmál.
11. **Fundir utan vinnustaða með áhugasömum launþegum.** Finnsla stéttarfélagið JHL (félag fyrir opinbera starfsmenn og fleiri sem sinna velferðarþjónustu) í Helsingfors er nú með sérstakt átak í gangi til að efla starfsemi sína meðal starfsfólks í einkarekinni velferðarþjónustu. Það er gerist fyrst og fremst með heimsóknum á vinnustaði og á fundum með áhugasömu starfsfólki sem haldnir eru utan vinnustaðanna, til dæmis á kaffihúsum eða veitingahúsum.

12. **Upplifun félagsmanna af samskiptum við félögin á að vera jákvæð.** Handels- og Kontorsfunktionærernas Forbund (HK) í Danmörku hefur rannsakað og greint viðhorf hinna ýmsu hópa félagsmanna til starfsemi félagsins. Ein af mikilvægustu niðurstöðunum er að það skiptir máli að samskipti félagsmanna við félagið séu „góð upplifun“. Séu samskiptin „slæm upplifun“ eykst hætta á að fólk segi sig úr félaginu. Til að auka traust á milli félagsmanna og fulltrúa félagsins hefur félagið kortlagt hvenær samskipti eiga sér stað á milli meðlimanna og félagsins. Markmiðið er að þróa samskiptin þannig að þau verði jákvæðari fyrir einstaka félagsmenn.

13. **Finna hæfa einstaklinga sem komið geta fram fyrir hönd félugganna og unnið að fjölgun félagsmanna.** Kaupmannahafnardeild Handels- og Kontorsfunktionærernas Forbund (HK) hefur um árabíl unnið að því að þróa og bæta þær aðferðir sem beitt er við að afla nýrra félaga. Þar er lögð rík áhersla á að finna einstaklinga sem geta orðið talsmenn félagsins á þeim vinnustöðum þar sem félagið reynir að ná inn félögum hverju sinni. Byrjað er á því að ræða við starfsmenn á einstökum vinnustöðum um óskir þeirra um breytingar. Miklu máli skiptir líka að byggja upp traust á milli talsmanna félagsins og þeirra starfsmanna sem sýnt hafa áhuga á að ganga til liðs við verklyðsfélag og byggja upp stéttarfélagsstarf á sínum vinnustað.

14. **Nýliðun byrjar í starfsnáminu.** Danska stéttarfélagið Fag og Arbejde (FOA) hefur sterkt tengsl við stofnanir sem mennta fólk til vinnu við opinbera velferðarþjónustu. Meðan á námi stendur býðst þeim gerast námsfélagar í FOA afsláttur af kennslubókum. Þessi starfsemi meðal þeirra sem eru í námi hefur skilað sér í auknum fjölda meðlima.